

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 224/2007****2014/EES/54/120**

frá 1. mars 2007

**um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1216/2003 að því er varðar atvinnustarfsemi sem vísitala launakostnaðar tekur til (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 450/2003 frá 27. febrúar 2003 um vísitölu launakostnaðar <sup>(1)</sup>, einkum 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hagskýrslur af margvíslegum toga, sem vísitölur launakostnaðar eru mikilvægur hluti af, eru nauðsynlegar til að vakta launaþróun og verðbólguþrýsting sem stafar frá vinnumarkaðinum.
- 2) Umfang vísitölu launakostnaðar skal aukið svo að hún taki til þeirrar atvinnustarfsemi sem skilgreind er í bálkum L, M, N og O í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE), 1. endursk. Með þessari aukningu er einnig innifalin þjónusta utan markaðar sem tekur til meirihluta þessara bálka en hún kann að stýrast af öðrum öflum en markaðsþjónusta.
- 3) Hagkvæmniathuganir, sem gerðar hafa verið í samræmi við 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 450/2003, sýna að unnt er að auka umfang vísitölu launakostnaðar þannig að hún taki til þeirrar atvinnustarfsemi sem skilgreind er í bálkum L, M, N og O í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 1. endursk., og að vinna og kostnaður, sem hlýst af útvíkkun vísitölu launakostnaðar, sé í réttu hlutfalli við mikilvægi niðurstaðna og ávinnings.
- 4) Hagkvæmniathuganir sýna einnig að sveigjanleg framkvæmdaáætlun dregur úr kostnaði við framkvæmdina hjá þeim aðildarríkjum sem ekki safna, enn sem komið er, grunn gögnum eða reikna vísitölur sem falla undir þessa aukningu.
- 5) Aðferðir við árstíðabundna aðlögun leiða aðeins til áreiðanlegra tölfræðiniðurstaða ef tímaröðin er nægilega löng. Af þeim sökum skal vinna raðir, sem eru aðlagðar eftir árstíðum, og senda þær í fyrsta sinn þegar gögnum hefur verið safnað í fjögur ár.

- 6) Viðmiðunarár vísitölnunnar er árið sem meðaltal hennar er stillt á 100. Fyrsta viðmiðunarár vísitölnunnar er skilgreint í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1216/2003 frá 7. júlí 2003 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 450/2003 um vísitölu launakostnaðar <sup>(2)</sup> sem árið 2000. Ef ekki eru fyrir hendi vísitölur fyrir bálka L, M, N og O í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 1. endursk., fyrir árið 2000 skal skilgreina aðra viðmiðunarvísitölu.

- 7) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1216/2003 til samræmis við það.

- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit hagskýrsluáætlunarnefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Reglugerð (EB) nr. 1216/2003 er breytt sem hér segir:

1. Í stað 4. gr. komi eftirfarandi:

*„4. gr.***Umfang bálka L, M, N og O í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE), 1. endursk.**

1. Að því er varðar önnur aðildarríki en þau sem um getur í 2. mgr. skal reikna vísitölu launakostnaðar og senda gögn um hana fyrir bálka L, M, N og O í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 1. endursk., fyrir fyrsta ársfjórðung 2007 og síðan eftir það fyrir hvern ársfjórðung.

2. Að því er varðar eftirfarandi aðildarríki skulu gögnin unnin og send fyrir fyrsta ársfjórðung 2009 og síðan eftir það fyrir hvern ársfjórðung: Belgíu, Danmörk, Grikkland, Spán, Frakkland, Írland, Ítalíu, Kýpur, Lúxemborg, Möltu, Austurríki, Pólland og Svíþjóð.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. skal vinna og senda aðlagðar raðir, eins og um getur í c-lið 2. mgr. 1. gr., þegar raðir með gögnum, sem ná yfir fjögur ár, liggja fyrir“.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 64, 2.3.2007, bls. 23. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 94/2007 frá 6. júlí 2007 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 60, 13.12.2007, bls. 32.

(<sup>1</sup>) Stjútíð. ESB L 69, 13.3.2003, bls. 1.

(<sup>2</sup>) Stjútíð. ESB L 169, 8.7.2003, bls. 37.

2. Ákvæði III. viðauka falli brott.

vísitalnanna nálægt ársmeðaltali bólkanna C til K í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna.“

3. Í stað 6. liðar í IV. viðauka komi eftirfarandi:

„6. Fyrsta viðmiðunarárið skal vera árið 2000 þar sem árleg vísitala launakostnaðar jafngildir 100. Ef vísitölur fyrir bólkanna L, M, N og O í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna eru ekki tiltækar fyrir árið 2000 skal setja stig fyrstu tiltæku

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. mars 2007.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Joaquín ALMUNIA

*framkvæmdastjóri.*